

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2004/EES/29/09

frá 4. febrúar 2002

um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fikjum, heslihnetum og pistasíuhnetum og tilteknum afurðum, unnum úr þeim, sem eru upprunnar í Tyrklandi eða sendar þaðan (*)

(tilkynnt með númeri C(2002) 386)

(2002/80/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 93/43/EBE frá 14. júní 1993 um hollustuhætti í matvælaíðnaði ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ljós hefur komið að þurrkaðar fikjur og pistasíuhnetur, og í minna mæli heslihnetur, sem eru upprunnar í Tyrklandi eða sendar þaðan, innihalda í mörgum tilvikum meira magn en leyfilegt er bæði af aflatoxíni B1 og heildarmagnni aflatoxína.
- 2) Vísindanefndin um matvæli hefur komist að þeirri niðurstöðu að aflatoxín B1 valdi lifrarkrabbameini, jafnvel mjög litlir skammtar af því, auk þess sem það er erfðaeitur.
- 3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 194/97 frá 31. janúar 1997 um hámarksviðmiðunargildi tiltekinna mengunarefna í matvælum ⁽²⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1566/1999 ⁽³⁾, eru ákvörðuð hámarksviðmiðunargildi fyrir tiltekin aðskotaefni, einkum aflatoxína í matvælum. Í sýni úr þurrkuðum fikjum, sem eru upprunnar í Tyrklandi eða sendar þaðan er magnið verulega yfir þessum mörkum.
- 4) Þetta er alvarleg ógnun við almannaheilbrigði í bandalaginu og af þeim sökum er brýnt að samþykka bráðabirgðaráðstafanir innan bandalagsins.
- 5) Matvæla- og dýraheilbrigðisstofa Evrópunefndarinnar (FVO) gerði út sendinefnd til Tyrklands frá 4. til 8. september 2000 til að meta eftirlit sem þar er haft við til að hindra mengun af völdum aflatoxíns í heslihnetum, pistasíuhnetum og þurrkuðum fikjum sem eru ætlaðar til útflutnings til Evrópubandalagsins. Sendinefndin komst m.a. að því að eftirlit á staðnum með vörusendingum af heslihnetum, pistasíuhnetum og þurrkuðum fikjum sem eru ætlaðar til útflutnings til Evrópubandalaganna, tryggir ekki að hámarksviðmiðunargildi í vörusendingunum samræmist því sem hefur verið ákvarðað í bandalagslögum. Ófullnægjandi þjálfun þeirra embættismanna sem annast eftirlitið, ófullnægjandi aðferðir við sýnatökur og prófanir og ófullnægjandi sannanir eru fyrir því að vottorðin komi heim og saman við viðkomandi vörusendingu. Stöðugt er fylgst með hvort

hámarksviðmiðunargildum aflatoxíns sé fylgt í þeim vörum sem eru upprunnar í Tyrklandi eða sendar þaðan og það tilkynnt um skjótvirkt viðvörðunarkerfi um matvæli. Það er því viðeigandi að setja sérstök skilyrði um heslihnetur, pistasíuhnetur og þurrkaðar fikjur og afurðir úr þeim, sem eru upprunnar í Tyrklandi eða sendar þaðan, til að tryggja viðtæka vernd almannaheilbrigðis.

- 6) Fylgja þarf góðum hreinlætisvenjum við framleiðslu, flokkun, meðhöndlun, vinnslu, pökkun og flutning á þurrkuðum fikjum, heslihnetum og pistasíuhnetum og afurðum unnum úr þeim. Ákvarða þarf magn aflatoxíns B1 og heildarmagn aflatoxína í sýnum sem eru tekin úr vörusendingum rétt áður en þær eru sendar frá Tyrklandi.
- 7) Tyrknesk yfirvöld skulu leggja fram skrifleg sönnunargögn sem fylgja skulu hverri vörusendingu með þurrkuðum fikjum, heslihnetum og pistasíuhnetum, sem eru upprunnar í Tyrklandi eða sendar þaðan, og varða aðstæður við framleiðslu, flokkun, meðhöndlun, vinnslu, pökkun og flutning og niðurstöður úr greiningu á rannsóknarstofu á magni aflatoxíns B1 og heildarmagnni aflatoxína.
- 8) Nauðsynlegt er að lögbært yfirvald viðkomandi innflutningslands taki slembisýni úr og greini aflatoxínmagn í öllum vörusendingum af þurrkuðum fikjum, heslihnetum og pistasíuhnetum, sem eru upprunnar í Tyrklandi eða sendar þaðan og fluttar inn í Evrópubandalagið, til að vernda almannaheilbrigði.
- 9) Haft var samband við fastanefnd um matvæli 2. apríl 2001.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. gr.

1. Aðildarríkjum er ekki heimilt að flytja inn framleiðsluvörur, sem eru upprunnar í Tyrklandi eða sendar þaðan sem eru ætlaðar til mannelis eða eru notaðar sem innihaldsefni í matvælum og falla undir einhvern eftirfarandi vöruflokk, nema vörusendingunni fylgi niðurstöður úr opinberri sýnatöku og greiningu ásamt heilbrigðisvottorði skv. I. viðauka, útfyllt, undirritað og vottað af fulltrúa aðal-skrifstofu sem sér um vernd og eftirlit í ráðuneyti landbúnaðar- og dreifbýlismála í lýðveldi Tyrklands:

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 34, 5.2.2002, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2002 frá 6. desember 2002 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 9, 13.2.2003, bls. 10.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 175, 19.7.1993, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 31, 1.2.1997, bls. 48.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 17.

- fikjur eða þurrkaðar fikjur sem falla undir SAT-númer 0804 20 10 eða 0804 20 90,
- heslihnetur (*Corylus* sp) í skel eða án skelja sem falla undir SAT-númer 0802 21 00 eða 0802 22 00,
- pistasíuhnetur sem falla undir SAT-númer 0802 50 00,
- blöndur hnetna eða þurrkaðra ávaxta sem falla undir SAT-númer 0813 50 og innihalda fikjur, heslihnetur eða pistasíuhnetur,
- heslihnetur, fikjur og pistasíuhnetur, tilreiddar eða varðar skemmdum, þ.m.t blöndur sem falla undir SAT-númer 2008 19.

2. Aðeins er heimilt að flytja vörusendingar inn í bandalagið um einn komustaðanna sem eru skráðir í II. viðauka.

3. Hver vörusending skal auðkennd með kenninúmeri sem samsvarar kenninúmerinu á heilbrigðisvottorðinu og meðfylgjandi niðurstöðum úr opinberu sýnatökunni og greiningunni sem um getur í 1. mgr.

4. Lögbær yfirvöld í hverju aðildarríki skulu tryggja að fram fari sannpröfun skjala fyrir innfluttar þurrkaðar fikjur, heslihnetur og pistasíuhnetur, sem eru upprunnar í Tyrklandi eða sendar þaðan, til að tryggja að kröfur um heilbrigðisvottorð og niðurstöður sýnatöku, sem um getur í 1. mgr., séu uppfylltar.

5. Aðildarríkin skulu taka slembisýni úr vörusendingum með þurrkuðum fikjum, heslihnetum og pistasíuhnetum, sem eru upprunnar í Tyrklandi eða sendar þaðan, og greina

þau með tilliti til aflatoxíns B1 og heildarmagns aflatoxína og gera framkvæmdastjórninni viðvart um niðurstöðurnar.

2. gr.

Þessa ákvörðun skal endurskoða fyrir 1. júlí 2002 í þeim tilgangi að meta hvort þau sérstöku skilyrði, sem um getur í 1. gr., veiti nægilega viðtæka vernd fyrir almannahæilbrigði í bandalaginu. Í endurskoðuninni skal einnig meta hvort áfram sé þörf fyrir þessi sérstöku skilyrði.

3. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun þessari. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Heilbrigðisvottorð fyrir innflutning til Evrópubandalagsins á fikjum, heslihnetum og pistasíuhnetum og tilteknum afurðum, unnum úr þeim, sem eru upprunnar í Tyrklandi eða sendar þaðan.

Kenninúmer vörusendingar Vottorð nr.

Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2002/80/EB um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fikjum (sem falla undir SAT-númer 0804 20 10 eða 0804 20 90), heslihnetum (sem falla undir SAT-númer 0802 21 00 eða 0802 22 00) og pistasíuhnetum (sem falla undir SAT-númer 0802 50 00), blöndur úr þeim, (sem falla undir SAT-númer 0813 50) og afurðir úr þeim (sem falla undir SAT-númer 2008 19) sem eru upprunnar í Lýðveldinu Tyrklandi eða sendar þaðan.

(Aðalskrifstofa sem annast vernd og eftirlit í ráðuneyti landbúnaðar- og dreifbýlismála)

VOTTAR:

að fikjurnar/heslihneturnar/pistasíuhneturnar í þessari vörusendingu, kenninúmer.....(færið inn kenninúmer vörusendingar),

sem er samsett af:

(Lýsing á vörusendingu og vöru, fjöldi og tegund pakkninga, brúttó- eða nettóþyngd)

fermd í
(Fermingarstaður)

af
(Nafn flutningsaðila)


fer til
(Ákvörðunarstaður og - land)

kemur frá starfsstöð:
.....
(Nafn og pósthfang starfsstöðvar)

hafa verið framleiddar, flokkaðar, meðhöndlaðar, unnar, pakkaðar og fluttar í samræmi við góðar hreinlætisvenjur.

Úr þessari vörusendingu voru tekin (fjöldi sýna) sýni úr fikjum/heslihnetum/pistasíuhnetum (dagsetning) og efnagreind (dagsetning) í (nafn rannsóknarstofu) til að ákvarða magn aflatoxíns B1 og mengun af völdum heildarmagns aflatoxína og fylgja upplýsingar um sýnatöku, greiningaraðferðir og allar niðurstöður hjálagaðar.

Gjört í, hinn



Fulltrúi aðalskrifstofu sem annast vernd og eftirlit í ráðuneyti landbúnaðar- og dreifbýlismála

.....
(Undirritun)

II. VIÐAUKI

Skrá yfir komustaði þar sem heimilt er að flytja inn í Evrópubandalagið fiskur, heslihnetur og pistasúhnetur og afurðir, unnar úr jarðhnetum, sem eru upprunnar í Tyrklandi eða sendar þaðan

Aðildarríki	Komustaður
Belgía	Anvers-Antwerpen
Danmörk	Allar hafnir, flugstöðvar og landamærostöðvar
Þýskaland	HZA Lörrach-ZA Weil am Rhein-Autobahn, HZA Stuttgart-ZA Flughafen, HZA München-Flughafen, HZA Hof-ZA Schirnding, HZA Weiden-ZA Furth im Wald-Schafberg, HZA Weiden-ZA Waidhaus-Autobahn, Bezirksamt Reinickendorf von Berlin, Abteilung Finanzen, Wirtschaft und Kultur, Veterinär- und Lebensmittelaufsichtsamt, Grenzkontrollstelle, HZA Frankfurt (Oder)-ZA Autobahn, HZA Cottbus-ZA Forst-Autobahn, HZA Bremen-ZA Neustädter Hafen, HZA Bremerhafen-ZA Container Terminal, HZA Bremerhaven-ZA Rotersand, HZA Hamburg-Freihafen-Abfertigungsstelle, HZA Hamburg-Freihafen-ZA Ericus-Abfertigungsstelle Südbahnhof, HZA Hamburg-Freihafen-ZA Köhlfleedamm, HZA Hamburg-St/Annen-ZA Altona, HZA Hamburg-Waltershof-Abfertigungsstelle, HZA Hamburg-Waltershof-ZA Flughafen, HZA Frankfurt-am-Main-Flughafen, HZA Braunschweig-Abfertigungsstelle, HZA Hannover-Abfertigungsstelle, HZA Lüneburg-ZA Stade, Stadtverwaltung Dresden, Lebensmittelüberwachungs- und Veterinär- amt, Grenzkontrollstelle Dresden-Friedrichstadt (fyrir flutninga á jarnbrautum), Landratsamt Weisseritzkreis, Lebensmittelüberwachungs- und Veterinär- amt, Grenzkontrollstelle (fyrir flutninga á vegum), Landratsamt Niederschlesischer Oberlausitzkreis, Lebensmittelüberwachungs- und Veterinär- amt, Grenzkontrollstelle Ludwigsdorf (fyrir flutninga á vegum), HZA Itzehoe-ZA Pinneberg, HZA Trier-ZA Idar-Oberstein, HZA Oldenburg-ZA Wilhelmshaven
Grikkland	Athina, Pireas, Elefsis, Aerodromio ton Athinon, Thessaloniki, Volos, Patra, Iraklion tis Kritis, Aerodromio tis Kritis, Euzoni, Idomeni, Ormenio, Kipi, Kakavia, Niki, Promahonas, Pithio, Igoumenitsa, Kristalopigi
Spánn	Algeciras (höfn), Alicante (flugvöllur, höfn), Almería (flugvöllur og höfn), Barcelona (flugvöllur, höfn), Bilbao (flugvöllur, höfn), Cádiz (höfn), Cartagena (höfn), Gijón (höfn), Huelva (höfn), A Coruña-Santiago de Compostela (flugvöllur, höfn), Las Palmas de Gran Canaria (flugvöllur, höfn), Madrid-Barajas (flugvöllur), Málaga (flugvöllur, höfn), Palma de Mallorca (flugvöllur), Pasajes-Irún (flugvöllur, höfn), Santa Cruz de Tenerife (flugvöllur, höfn), Santander (flugvöllur), Sevilla (flugvöllur, höfn), Tarragona (höfn), Valencia (flugvöllur, höfn), Vigo-Villagarcía (flugvöllur), Marín (höfn), Vitoria (flugvöllur), Zaragoza (flugvöllur)
Frakkland	Marseille (Bouches-du-Rhône) Le Havre (Seine-Maritime)
Írland	Allar hafnir, flugstöðvar og landamærostöðvar
Ítalía	Ufficio Sanità Marittima ed Aerea di Ancona Ufficio Sanità Marittima ed Aerea di Bari Ufficio Sanità Marittima ed Aerea di Genova Ufficio Sanità Marittima di Livorno Ufficio Sanità Marittima ed Aerea di Napoli Ufficio Sanità Marittima di Ravenna Ufficio Sanità Marittima di Salerno Ufficio Sanità Marittima ed Aerea di Trieste Dogana di Ferneti-Interporto Monrupino (Trieste)
Lúxemborg	Centre douanier, Croix de Gasperich, Luxembourg
Holland	Rotterdam
Austurríki	HZA Graz, Nickelsdorf, Spielfeld, HZA Wien
Portúgal	Lisboa

Aðildarríki	Komustaður
Finland	Helsinki
Svíþjóð	Göteborg
Breska konungsríkið	Belfast, Channel Tunnel Terminal, Dover, Felixstowe, Gatwick Airport, Goole Grangemouth, Harwich, Heathrow Airport, Heysham, Hull, Immingham, Ipswich, King's Lynn, Leith, Liverpool, London (þ.m.t. Tilbury, Thamesport og Sheerness), Manchester Airport, Manchester Container Port, Manchester (þ.m.t. Ellesmere Port), Medway, Middlesborough, Newhaven, Poole, Shoreham, Southampton, Stansted Airport.